

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi - Rangárvellir.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 8. maí 2012 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Rangárvelli.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að gatnatengingu frá Hlíðarfjallsvegi verði hliðrað um 28 m til austurs og að jarðvegsmön verði komið upp á lóðarmörkum að vestan meðfram Síðubraut og vestast á lóðarmörkum að sunnan meðfram Hlíðarfjallsvegi. Þá verða byggingarreitir sameinaðir og stækkaðir í einn byggingarreit til að mæta breytingum á sviði endurvinnsluðnaðar og væntanlegrí þörf fyrir frekari byggingar og mannvirkí á lóðinni.

Breyting á deiliskipulagi – deiliskipulag hafnarsvæða sunnan Glerár.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 8. maí 2012 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir deiliskipulag hafnarsvæða sunnan Glerár.

Í tillögunni er gert ráð fyrir bættri aðstöðu fyrir þau fyrirtæki sem þjóna farþegaskipum og er frágangur aðkomuleiða og aðliggjandi opins svæðis endurskoðaður með það í huga. Breyting er gerð vegna áforma um þjónustuhús á Tangabryggju, breytingar á aðstöðu fyrir rútur, leigubíla og bilaleigubíla í tengslum við aukningu á komum skemmtiferðaskipa að Oddeyrar- og Tangabryggju og stækkan svæðis 19.5 (lóð Bústólp) ásamt breytingum á byggingareitum á svæðinu.

Breyting á deiliskipulagi – Naustahverfi, 2. áfangi, Sporatún 21-29.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. júní 2012 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Sporatún 21-29.

Breytingin felst í að á lóð nr. 21-29 við Sporatún verði hámarksstærð raðhúss 785 m² í stað 750 m².

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 6. júní 2012,

Arnar Birgir Ólafsson,
verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 6. júní 2012